

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 127/2020

2023/EES/52/12

frá 25. september 2020

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/17 frá 10. janúar 2020 um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu klórþýrifosmetýli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/18 frá 10. janúar 2020 um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu klórþýrifosí, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/103 frá 17. janúar 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 844/2012 að því er varðar samræmda flokkun virkra efna ⁽³⁾.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011):

„– **32020 R 0017:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/17 frá 10. janúar 2020 (Stjtið. ESB L 7, 13.1.2020, bls. 11),

– **32020 R 0018:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/18 frá 10. janúar 2020 (Stjtið. ESB L 7, 13.1.2020, bls. 14).“
2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 13f (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012):

„– **32020 R 0103:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/103 frá 17. janúar 2020 (Stjtið. ESB L 19, 24.1.2020, bls. 1).“
3. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 13zzzzzzzzzzn (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1675):

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 7, 13.1.2020, bls. 11.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 7, 13.1.2020, bls. 14.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 19, 24.1.2020, bls. 1.

„13zzzzzzzzzo. **32020 R 0017**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/17 frá 10. janúar 2020 um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu klórþýrifosmetýli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 7, 13.1.2020, bls. 11).

13zzzzzzzzzp. **32020 R 0018**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/18 frá 10. janúar 2020 um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu klórþýrifosi, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 7, 13.1.2020, bls. 14).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2020/17, (ESB) 2020/18 og (ESB) 2020/103, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.